

Alþingi

Nefnda-og greiningarsvið

150 Reykjavík

Mál nr. 349

Þingskjal 360

154. löggjafarþing

Dags 23.11.2023

Umsögn um frumvarp vegna breytinga á vopnalögum, nr. 16/1998.

Bogfimdeild Tindastóls harmar að hagsmunaaðilar hafi komið seint að í samráði við vinnu á þessu frumvarpi þrátt fyrir mörg boð og ítrekuð samskipti við ráðuneytið þess efnis frá t.d Skotvís og Bogveiðifélagi Íslands

Ljóst er að frumvarp þetta sem nú er til umsagnar er mun strangara og flóknara en lög t.d norðurlandanna sem nú þegar hafa uppfært lög við innleiðingu ESB löggjafar frá 2021 og sum lönd hafa þegar breytt til baka.

Bogfimdeild Tindastóls bendir sérstaklega á að Svíþjóð er að endurskoða sína vopnalöggjöf með þeim útgangspunkti að megintilgangur endurskoðunarinnar er að skapa regluverk sem gerir löglegum byssueigendum eins og veiðimönnum og íþróttaskyttum ekki erfitt fyrir að óþörfu og gera regluverkið skiljanlegra og aðgengilegra. T.d. leggja til skiptingu á refsíákvæðum skotvopnalaga í því skyni gera skýrari greinarmun á brotum sem venjulega eru framin af löglegum byssueigendum og notkun ólöglegra vopna af hálfu skipulagðrar glæpastarfsemi.

Bogfimdeild Tindastóls gerir athugasemdir við uppsetningu á að frumvarpi að það sé ekki sett upp miðað við greinar núverandi laga heldur er frumvarpinu stillt upp sem greinum með tilvísun í greinar í vopnalögum. Það skapar rugling við yfirferð á frumvarpi. Reyndar hefði verið betra við svo umfangsmikla endurskoðun að leggja frumvarp til vopnalaga fyrir í einni heild.

Í frumvarpi þessu er ítrekað orðalagið "nánar tilgreint í reglugerð". Ein aðal ástæða ýmisa vandamála í dag í sambandi við vopnalögin er einmitt að rekja til reglugerða, síbreytilegra vinnureglna og ákvarðanna embættismanna. Ekki er ljóst að frumvarpið minnki það flækjustig.

Bogfimdeild Tindastól gerir athugasemdir við að 30 gr vopnalaga F. Liður og 31 gr séu ekki tekin einnig til skoðunar þar sem einmitt er verið að tala um í frumvarpi sé að samræma við reglugerðir ESB. En bogi, Ör, allir örvaroddar og annar búnaður tengdur bogum er ekki leyfiskyldur eða

Skráningarskyldur hjá ESB og ekki tilgreint sem vopn og ef við lítum á norðulöndin þá er bogi og allt sem þeim fylgir ekki leyfis eða skráningarskylt.

31gr laga hamlar afrekstarfi í bogfimi á Íslandi þar sem að jafnaldrar í evrópulöndum eru ekki með

neinar dragþyngdar takmarkanir á bogum sínum háð aldri.

Leggjum við að F liður 30 greinar vopnalaga verði breytt. Slöngubyssur gerða löglegar til samræmis við Evrópulöndin þar sem hægt er að fara nánast í næstu sportvöruverslun og versla sér og að Lásbogi verði settur undir B leyfi Skotvopnaleyfis þar sem þeir eru framleiddir með raðnúmeri og því hægt að skrá þá og notkun leyfð á skotvöllum til jafns við riffa.

31.g breytist í heimilt sé að eiga allar gerðir af Trissubogum, Sveigbogum og langbogum ásamt öllum aukahlutum svo sem, örvum öllum gerðum af örvaoddum óháð notkun til samræmis við Norðurlöndin.

Þingmannafrumvarp hefur legið inni um breytingu á 31 grein laganna 386. mál, lagafrumvarp

151. löggjafarþing 2020–2021. en ekki enn fengið brautar gengi alsherjarnefndar því væri tilvalið að taka það með þessu.

Einnig víssum við til þess að í frumvarpi vopnalaga sem var lagt fram á vorþingi 2013 þá var lagt til að bogar og allt sem þeim tilheyrir yrðu teknir úr vopnalögum og leyfðir til jafns við norðurlöndin.

Bendum einnig á að 14 reglugerðar um bogaeigna sem skilgreinir skildu aðild að íþróttafélagi innan ísÍ er ólögleg og gerði umboðsmaður alþingis athugasemd vegna þess haustið 2012 en þar sem átti að leggja fram breytingar um bogaeign 2013 þá var ekkert frekar gert í málinu og er þessi reglugerð enn ólögleg en sammælt var um breytta vinnureglu vegna þessa sem og 31gr vopnalaga um takmörkun á dragþyngd ungmenna þar tilbreyting næðist í gegn..

Bogfímideild Tindastóls hvetur Alsherjar og menntamálanefnd að taka 30 gr F lið og 31 grein laganna með í þessari endurskoðun. Þrátt fyrir fyrirheit um heildar endurskoðun laga sem ráðherra minntist á við í framsögu frumvarps þá er ekkert vitað hvenær heildarendurskoðun fer fram og hvað það muni taka langann tíma. Og miðað við hraðann hingað til þá gæti það teki 2-4 ár.

Virðingafyllt

Stjórn Bogfímideildar Tindastól

